

Þetta er bréf til þeirra sem eru að koma á námskeið í Fjölmennt

Námskeiðin í Fjölmennt byrja bráðum.



Svana eða Lovísa taka á móti þér




Svana



Lovísa

Í Fjölmennt verðum við að passa okkur út af Covid-19.

Við þurfum alltaf að hafa 1 metra á milli okkar.




Þegar þú kemur í Fjölmennt þarft þú að þvo hendur eða spritta þær.



Þú getur fengið grímu og hanska ef þú vilt.



Ef þú þarft að bíða eftir að námskeiðið byrji eða eftir því að bíllinn komi, þá passar þú þig á að sitja ekki nálægt öðrum.



1 metri



Ef kennarinn þarf að vera mjög nálægt þér á námskeiðinu verður hann með grímu og hanska.



Það er mjög mikilvægt að þú komir ekki á námskeið í Fjölmennt ef þú ert að byrja að veikjast eða orðin/n veik/ur, til dæmis með hita, hósta eða með beinverki.

